



Leiktímabilið að hefjast

Á laugardag klukkan 15:00 hefst leiktímabilið hjá Hetti í körfubolta karla. Liðið leikur sem fyrr í 1. deild. Eftir frekar endaslepptan árangur síðasta tímabils stefnir liðið á seti í úrslitakeppni deildarinnar. Það hafa ekki beint leikið ferskir vindar um lið Hattar undanfarið. Austurglugginn fjallar um upphaf leiktímabilsins í blaðinu í dag og tekur meðal annars Stefán Boga Sveinsson aðstöðarþingmann og formann körfuknattleiksdeildar Hattar tali.



Alcoa kaupir Bleikar Slaufur

Sala Bleiku Slaufunnar svokölluðu er í fullum gangi þessa dagana. Hægt er að festa kaup á Bleiku Slaufunni í öllum betri verslunum. Alcoa Fjarðaál er meðal fjölmargra fyrirtækja sem lagt hafa árveknisáttaki Krabbameinsfélagsins lið með kaupum á bleiku slaufunni en fjármunum sem fást fyrir sölu slaufunnar verður varið til kaupa á nýjum stafrænum röntgentækjum sem gjörbylta starfsemi Krabbameinsfélagsins. Nánar á bls. 7

austur glugginn

Fréttablað Austfirðinga
Verð í lausasölu kr. 400
Fimmtudagur 9. október

40. tbl. - 7. árg. - 2008

Áskriftarverð kr. 1.140 á mánuði

ISSN1670-3561

Mjóifjörður
Neskaupstaður
Eskifjörður
Reyðarfjörður
Fáskrúðsfjörður
Stöðvarfjörður

**ÞÚ ERT
Á GÓÐUM
STAÐ**

FJARDABYGGÐ fjardabyggd.is

SECURITAS

Landflutningar - Samskip
Kaupvangi 25
700 Egilsstaðir
Sími 458 8800
Fax 458 8808

Opnunartími:
Mánudaga til föstudaga
frá kl. 08:00-16:00

Landflutningar
SAMSKIP



Bátur Fjarðaferða ehf. Skráður NK er nú ferja Mjófirðinga. Myndin er tekin á sjómannadag.

Ljósmynd: ÁL/Austurglugginn.

Mjófirðingar vilja að farið sé að leikreglum

Urgur er í Mjófirðingum síðan Fjarðaferðir ehf. tóku við rekstri ferju milli Norðfjarðar og Mjóafjarðar í haust. Tengist það einkum því að heimahöfn ferjunnar er nú á Norðfirði, þrátt fyrir að í útboði kveði á um að hún skuli vera í Mjóafirði. Þá þykir mörgum miður að kippt hafi verið fótunum undan tveimur fjölskyldum í Mjóafirði sem annast hafa rekstur ferju milli fjarðanna tveggja í áratugi.

Þetta kemur fram í umfjöllun

Austurgluggans í dag. Mjófirðingar vilji að báturinn sé staðsettur á Mjóafirði. Þar sé um hreint öryggisatriði að ræða fyrir íbúa fjarðarinnar, auk hagkvæmni. Sigfús Vilhjálmsson í Mjóafirði segir að þegar gerður sé samningur á grundvelli útboðsgagna beri að fara eftir ákvæðum hans. Sé það ekki hægt verði að leita annarra leiða. „Þetta er hreint ekki hnútukast í Fjarðaferðir ehf. Þeir bjóða í verkefnið og fá og ekki margt við því að segja. Hins vegar


þarf að fara að leikreglum“. Þar á Sigfús fyrst og fremst við heima-hafnarákvæðið, en segir þó fleira hanga á spýtnunni sem hann vildi ekki nánar tilgreina. Fyrirhugaður er fundur Vegagerðar, Mjófirðinga og Fjarðaferða á næstu dögum þar sem ræða á þessi mál. Hlífur Þorsteinsson hjá Fjarðaferðum ehf. vildi ekki tjá sig um málefnið við Austurgluggann að svo stöddu að öðru leyti en því að verið væri að yfirfara málin. Nánar á bls. 2

**Sjáumst í Bónus
á Egilsstöðum**

Bónus býður betur!

Sama verð um allt land!

**EKKERT
BRUÐL**



Afgreiðslutími í Bónus á Egilsstöðum

Mánudag til fimmtudags
12.00 til 18.30

**EKKERT
BRUÐL**

Föstudag 10.00 til 19.30
Laugardag 10.00 til 18.00
Sunnudag 12.00 til 18.00

ALLTAF LÆGRA VERÐ!